Verðlaunahafar í kata barna fæddra 1989. Frá vinstri: Guðbjartur Ásgeirsson, Haukum, Arnmundur Björnsson, KFR, og Runólfur Sigmundsson, Fylki.

Goði Ómarsson úr KFR:

Smár en knár

– og varð yngsti sigurvegari mótsins

Hann er ekki hár í loftinu en þeim mun skemmtilegra var að fylgjast með öguðum og vel æfðum hreyfingum Goða Ómarssonar úr Karatefélagi Reykjavíkur.

Goði hefur æft í tvo vetur en hann æfir þrisvar í viku. Þegar unglingasíðan heilsaði upp á kappann unga eftir sigurinn var hann að sjálfsögðu mjög ánægður enda var honum vel fagnað af félögum hans í liðinu.

Goði sagði að katan hafi gengið afar vel og miklar æfingar hafi skilað sér í þetta skiptið. Hann hafi vandað sig og náð að skila krafti í öll höggin.

Það stóðst Goða heldur enginn snúning og hlaut hann 22 stig frá dómurum keppninnar og fyrsta sætið í flokki barna fæddra 1991 eða seinna.

Það verður gaman að fylgjast með Goða reyna sig á komandi árum sem og öðrum keppendum í hans flokki sem stóðu sig vel.

Goði Ómarsson úr KFR.

Glæsilegur hópur Karatefélags Reykjavíkur sem var stigahæsta félag fyrri hluta unglingameistaramótsins í karate. Alls fékk KFR 15 verðlaun í kata, þar af 8 gullverðlaun. Til hamingju, krakkar.

Bardagamyndir heilluðu þær

Unglingasíðan rakst á tvær hressar og dugmiklar stelpur á unglingameistaramótinu sem sýndu og sönnuðu að þetta er ekki bara vettvangur fyrir karlpeninginn. Þær heita Karlotta Halldósdóttir (t.h.) og Kolbrún Þóra Löve og eru báðar í KFR. Þær eru á tíunda aldursári og hafa æft í eitt og hálft ár. Karlotta segir þær hafa farið saman á fyrstu æfinguna og ekki séð eftir því. Það sem fékk þær á fyrstu æfinguna var mikill áhugi á bardagamyndum en þarna fundu þær síðan sinn vettvang.

Fyrri hluti Íslandsmóts barna og unglinga í kata:

Hugur og hönd

– Karatefélag Reykjavíkur hlutskarpast félaga

Einbeiting er hugur og hönd sameinast í glæsilegri æfingu.

Í miðju tali um agaleysi barna á Íslandi var Smárinn í Kópavogi vettvangur fyrir aga og einbeitingu þegar besta unga karatefólk landsins reyndi með sér í kata á fyrri hluta Unglingameistaramótsins í karate 1999.

Hér voru það hugur og hönd sem létu verkin tala og krakkarnir sýndu góð tilþrif, fjölmörgum áhorfendum til mikillar skemmtunar.

15 verðlaun hjá KFR

Karatefélag Reykjavíkur stóð sig best allra félaga í þessum hluta og hlaut 15 verðlaun en Þórshamar kom ekki langt á eftir með 12. Þess ber þó að geta að KFR fékk 8 af 14 gullverðlaunum í boði á mótinu og vann auk þess einn þrefaldan sigur í kata barna fæddra 1988.

Sex með tvö gull

Sex krakkar náðu þeim glæsilega árangri að vinna bæði í einstaklings- og hópkata. Þau eru Björgvin Þór Þorsteinsson, Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson, Davíð Jón Ögmundsson og Arnar Pétursson, allir úr KFR, og svo þeir Árni Ambroise Ibsen og Margeir Stefánsson úr Þórshamri.

Seinni hlutinn fer fram um næstu helgi í Laugardalshöll en þá fá þau að reyna sig í kumite eða að glíma við hvort annað. Athygli vakti hversu allt fór vel fram og var til fyrirmyndar.

-ÓÓJ

Meistarar, framhald

Hópkata táninga f. 1982 til 85

1. Anton Kaldal Ágústsson, Davíð Jón Ögmundsson, Elísabet Alba Valdimarsdóttir úr KFR.

Hópkata juniora f. 1978 til 81

1. Björgvin Þór Þorsteinsson, Davíð Örn Sigþórsson og Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson úr KFR.

Stig og verðlaun félaga

1. **Karatefélag Reykjavíkur . . . 34**
(8 gull, 3 silfur og 4 brons)
2. **Karatefélagið Þórshamar . . . 23**
(3 gull, 5 silfur og 4 brons)
3. **Karatedeild Fylkis 18**
(1 gull, 5 silfur og 5 brons)
4. **Karatedeild Hauka 8**
(2 gull og 1 silfur)
5. **Karatedeild Víkings 1**
(1 brons)

HK, Afturelding, Akranes, Breiðablik og Keflavík unnu ekki til verðlauna.

Unglingameistarar í kata

Kata barna f. 1991 og seinna
1. Goði ómarsson, KFR 22,0
2. Travis Hodges, Haukum 21,6
3. Alexander Sverrisson, Fylki . 21,3

Kata barna f. 1990
1. Daði Daníelsson, Fylki 22,5
2. Þórarinn Jónmunds., Þórsh. . 22,3
3. Finnur Karlsson, Fylki 21,9

Kata barna f. 1989
1. Guðbjartur Ásgeirs., Haukum 22,2
2. Arnmundur E. Björnsson, KFR 22,0
3. Runólfur Sigmundsson, Fylki 21,7

Kata barna f. 1988
1. Arnar Pétursson, KFR 22,6
2. Andri Jakobsson, KFR 22,3
3. Ásgeir Valur Einarsson, KFR 21,8

Kata krakka f. 1987
1. Árni A. Ibsen Þórshamri 22,9
2. Hákon Bjarnason, Fylki 22,5
3. Hrafn Þráinsson, Þórshamri . 22,3

Kata krakka f. 1986
1. Margeir Stefánsson, Þórshamri 22,6
2. Þórir Daníelsson, Fylki 21,8
3. Atli Már Pálmason, Víkingi . . 21,5

Kata táninga f. 1984 og 85
1. Hákon Hákonarsson, Haukum 22,5
2. Sólveig Sigurðardóttir, Þórshamri 22,3
3. Kristín al Lahham, Fylki 22,0

Kata unglinga f. 1982 og 1983
1. Davíð Jón Ögmundss., KFR . . 22,2
2. Sig Grétarsdóttir, Fylki 21,8
3. Þór Ingi Sveinsson, Fylki . . . 21,8

Kata unglinga f. 1980 og 1981
1. Björgvin Þór Þorsteinsson, KR 22,5
2. Sólveig K. Einarsdóttir, Þórsh. . . 22,4
3. Rúnar Ingi Ágústsson, KFR . . 22,4

Kata juniora f. 1978 og 1979
1. Vilhjálmur Vilhjálmsson, KFR 23,2
... stigahæsti keppandi mótsins
2. Davíð Örn Sigþórsson, KFR . . 22,6
3. Daníel P. Axelsson, Þórshamri 22,6

Hópkata barna f. 1988 og fyrr
1. Andri Jakobsson, Arnar Pétursson og Albert Þór Þórhalsson, KFR.

Hópkata krakka f. 1986 og 87
1. Árni A. Ibsen, Lára Kristjánsdóttir, Margeir Stefánsson úr Þórshamri.

Guðbjartur Ísak Ásgeirsson úr Haukum.

Samtaka allir nú

Þeir Ragnar Kristján Guðmundsson (talið frá vinstri), Kristján Ó. Davíðsson og Guðbjartur Ísak Ásgeirsson klikkuðu ekki á því að vera samtaka þegar þeir kepptu í hópkata á unglingameistaramótinu í Smáranum.

Umsjón
Óskar Ó. Jónsson